

Bo-059 Kalmansvík

8 hndr. 1706. Garðakirkjueign. Venjulegri búsetu lauk 1930 en byggð hélt þar nokkuð lengur.

1920: 14168 m², garðar 1700 m², 1/4 þýft. Gamla túnið í Kalmansvík lá eins og víkin og stendur bæjarhóllinn í því miðju. Engar byggingar standa núna í túninu, en hér hefur verið mikið rask og túnið hefur verið sléttað og ræktað.

Bo-059:001 bæjarhóll bústaður

"Var bærinn upp af Kalmansvík, þar sem nú er hóll." Gamla túnið í Kalmansvík er nú nær allt sléttað, frá víkinni og upp að þjóðvegi. Bærinn stóð um 30 m frá víkinni. Þar er lágur, grasi vaxinn hóll og stendur á slétttri grund innan tjaldstæðis. Ekki sést til tófta á eða við hólinn. Hefur hann orðið fyrir talsverðu raski í tímans rás.

Heimild: Túnakort 1920; BB II, 397. LMÍ.

Bo-059:002 heimild um útihús

Samkvæmt túmakorti stóðu útihús stóð fast við bæjarhúsin [001], en þeirra sést ekki merki.

Heimild: Túnakort 1920. LMÍ

Bo-059:003 heimild um útihús

Útihúsið stóð um 20 SSA við bæinn. Þar er nú slétt tún og ekki sér þar tóftir.

Heimild: Túnakort 1920. LMÍ

Bo-059:004 heimild um útihús

Útihúsið stóð um 100m SV við bæinn. Vegaslóðinn með víkinni er um 10 m norðan við staðinn, og skurður liggur rétt hjá að SV verðu. Þar er nú slétt tún og ekki sér þar tóftir.

Heimild: Túnakort 1920.

Bo-059:005 heimild um útihús

Útihúsið stóð um 160 m V við bæinn, um 10 m sunnan við sjávarbakka. Þar voru (1997) leifar af garðlagi, afgirtum með torfgirðingu, 9x8 m, þar sem útihúsið hefur líklega staðið áður. Garðleifarnar eru horfnar (2016) og hafa verið sléttaðar út.

Heimild: Túnakort 1920.

Bo-059:006 heimild um verbúð staðsetning óþekkt

"Verbúð er hér ein gjörð fyrir einu ári, þar sem aldrei hafði fyrr verið ...". Staðsetning er ekki þekkt, og ekki sjást hér tóftir sem átt gætu við þessa frásögn.

Heimild: JÁM IV, 107.

Bo-059:007 Sigvaldarúst heimild um rúst

Svo segir í örnefnalýsingu: "... Presthúsavík, sem var innst við kampana [018] ... Austan hennar gekkk fram smánef, Kalmansvíkurtá, og þar var framan við einstakur klettur, nefndur Grýluklettur, nú alveg horfinn. Innan við þessa tá tók svo og tekur enn við Kalmansvík. Á bakkanum við sjóinn innan við tána var rúst, sem hét Sigvaldarúst ... Þessi rúst er einnig að hverfa, er að brotna og fara í sjó." Það brýtur enn af bakkanum vegna sjávargangs. Ekki sér til tófta, og ekki ólíklegt að hún sé afbrotin. Hugsanlegt er að hana hafi brotið af, eða þá leifar hennar sé enn að finna á bakkanum. Sigvaldi sá er kofinn var kenndur við var afi Sigvalda Kaldalóns.

Heimild: Ö-Garðar, 1.

Bo-059:008 mógrafir

Á loftmyndum frá miðri 20.öld má sjá talsvert mógrafarsvæði sem liggur skammt sunnan og austan tuna Kalmansvíkur. Hafa mógrafirnar verið sléttaðar út.

Heimild: LMÍ

Hnitaskrá

Fornleifar innan deiliskipulagsreits

Presthús

001, 003-004 (bæjarhóll)

351418, 428532

351445, 428542

351441, 428507

351412, 428518

002

351453, 428546

012 (rústahóll)

351461, 428560

351474, 428560

351474, 428547

351460, 428548

Kalmansvík

001-003 (bæjarhóll)

351725, 428516

351751, 428530

351771, 428499

351744, 428484

004

351644, 428468

005

351573, 428474

008 (mógrafir)

351869, 428607

351900, 428579

351774, 428461

351758, 428479